

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 41/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kristni Eggertssyni

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Guðmundi Albert Birgissyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

og Jóni Magnússyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Umboðssvik. Skjalabrot. Fjársvik. Tilraun. Hlutdeild. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar 1994 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsí-
ákvörðunar.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds, að fallið væri frá þeirri málsatvikalýsingu í ákæru, að stjórn Málningar hf. hefði heimilað ákærða Kristni Eggertssyni að nýta lánsrétt félagsins hjá Verslunarlánasjóði „í þeim tilgangi, að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf.“. Er því ágreiningslaust, að samkomulag hafi upphaflega verið um það milli forsvarsmanna Málningar hf. og ákærða Kristins, að lánsféð rynni til fyrirhugaðrar húsbyggingar ákærða og hann ætti að fá það í hendur við útborgun þess, þótt önnur hafi orðið raunin.

Umsókn um lán það, sem lýst er í ákæru, var lögð fram í febrúar 1986, en það kom fyrst til útborgunar í desember sama ár. Greiddi Verslunarbanki Íslands hf. Málningu hf. lánsféð, 4.900.000 krónur,

en lánskostnaður var 100.000 krónur. Forráðamenn Málningar hf. hafa haldið því fram, að þá hafi viðskiptaskuld fyrirtækis ákærða, Málningarvara, verið orðin það mikil, að ákveðið hafi verið að skuldajafna með lánsfénu. Stjórnarformaður Málningar hf. og fjármála- og framkvæmdastjóri félagsins hafa fullyrt, að þetta hafi verið rätt við ákærða og honum því um það kunnugt. Þessu hefur ákærði mótmælt og meðal annars bent á, að til tryggingar skuld sinni við fyrirtækið hafi faðir sinn gefið út víxil nokkru hærri þeirri fjárhæð, er skuld hans nam, þegar skuldajöfnuði var beitt. Víxill þessi, sem er ódagsettur, er enn í vörslu Málningar hf., en ekki er ljóst, hvenær á árinu 1986 hann var gefinn út.

Í ársreikningi Málningarvara 1986 var 5.000.000 króna skuldabréf við Verslunarbanka Íslands hf. fyrst skuldfært sem langtímaskuld í efnahagsreikningi. Bókhaldsgögn leiddu í ljós, að um var að ræða umdeilt skuldabréf Verslunarlánasjóðs. Í bókhaldi Málningar hf. 31. desember 1986 var andvirði skuldabréfsins, 4.900.000 krónur, tekju-fært til lækkunar á viðskiptaskuld Málningarvara við félagið.

Skuldabréfið fór í vanskil, og ákærði Kristinn leysti það til sín 14. febrúar 1990 með greiðslu 11.180.810 króna. Var bréfið framselt honum samdægurs með áritun um það, að hann hefði greitt bréfið að fullu. Nýtt framsal var áritað á bréfið 27. desember 1991, en ákærði segir, að með því hafi verið bætt úr þeim mistökum, að láðst hefði að geta kenntölu hans í fyrri áritun. Með veðbandslausn 15. febrúar 1990 leysti Verslunarlánasjóður hluta fasteigna ákærða, sem upphaflega voru veðsettar til tryggingar greiðslu bréfsins, úr veðböndum, og 10. september 1992 leysti ákærði sjálfur úr veðböndum þá fasteign sína, sem enn var veðsett. Þetta var í bæði skiptin gert án vitneskju útgefanda bréfsins, Málningar hf. Hinn 16. september 1992, nokkrum dögum eftir síðargreinda veðbandslausn, framseldi ákærði bréfið til handhafa með áritun á það, en þá hafði hann þegar, 4. sama mánaðar, selt það meðákærða Guðmundi Albert fyrir 2.000.000 króna.

Ljóst er af framansögðu, að ákærða Kristni var fullkunnugt um það, er hann seldi skuldabréfið, að Málning hf. var ekki raunverulegur skuldari lánsins, heldur var það tekið í hans þágu og andvirði þess nýtt til lækkunar á viðskiptaskuld hans við Málningu hf. Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin hafa verið, hagaði ákærði bók-

haldi sínu í samræmi við þetta. Allt að einu seldi hann bréfið með þeim hætti, sem lýst hefur verið, með um tísföldum afföllum, rúmum tveimur og hálfu ári eftir að hann hafði greitt það upp, en áður hafði hann aflétt veðböndum, eins og að framan greinir. Hvað sem leið ágreiningi hans og Málningar hf. um uppgjör þeirra á milli, var þessi ráðstöfun og notkun bréfsins honum með öllu óheimil og gagnstæð því, sem til var ætlast í upphafi. Varðar þetta við 249. gr. og 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði Guðmundur Albert Birgisson keypti umrætt skuldabréf eftir ábendingu vitnisins Jóns Bjarna Gunnarssonar, en meðákærði Kristinn hafði áður boðið vitninu bréfið til sölu. Fyrir dómi kvaðst Jón Bjarni ekki hafa vitað um viðskiptin að baki bréfinu. Ákærði Guðmundur Albert kvað sér hafa verið um það kunnugt, að ágreiningur væri milli Málningar hf. og meðákærða Kristins vegna viðskipta þeirra. Kristinn hafi ekki verið sáttur við „afgreiðslu Málningar með andvirði skuldabréfsins þegar lánið var veitt“. Hann kvaðst ekki þekkja meðákærða Kristin, og hafi honum verið alls ókunnugt um, að Málning hf. hafi ekki í raun verið skuldari bréfsins. Hann hafi einkum litið til þess við ákvörðun á kaupunum á bréfinu og kaupverði þess, að skuldari þess, Málning hf., var líklegur til að standa við skuldbindingar sínar, en hins vegar hefði verið óljóst, hvað fengist fyrir bréfið við innheimtu.

Ákærði Guðmundur Albert keypti skuldabréfið með mjög miklum afföllum. Leggja verður til grundvallar þann framburð hans og meðákærða Kristins, að svo hafi samist um milli þeirra við sölu bréfsins, að öllum veðböndum yrði aflétt af þeim eignum, sem áður voru veðsettar skuldinni til tryggingar, þótt það hafi verið fyrst nokkrum dögum eftir undirritun beggja á framsal á skuldabréfið, að það gekk eftir. Eins og málið liggur fyrir, þykir varhugavert að haggja því mati héraðsdómara, að ákærða Guðmundi Albert hafi verið eða átt að vera ljóst, að meðákærði Kristinn átti enga fjárkröfu á hendur Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu. Í mála-rekstri, sem nú er fyrir dómstólum vegna innheimtu skuldabréfs þessa, hefur hann samþykkt, að allar varnir komist að, þótt málið sé rekið að hætti XVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 19/

1991. Með hliðsjón af því og öðrum gögnum þykir enn fremur ósannað, að hann hafi gerst sekur um tilraun til fjársvika, eins og lýst er í II. kafla ákæru. Er hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

III.

Staðfesta ber það mat héraðsdómara, að ósannað sé, að ákærði Jón Magnússon hafi haft milligöngu um fyrrgreind viðskipti með-ákærðu Kristins og Guðmundar Alberts með skuldabréfið og honum hafi verið eða hlotið að vera ljóst, að Kristinn ætti ekki kröfu á hendur Málningu hf. samkvæmt því. Verður hann því sýknaður af hlutdeild í broti meðákærða Kristins. Af sýknu meðákærða Guðmundar Birgis leiðir, að eigi kemur til álita að sakfella ákærða Jón fyrir hlutdeild í ætluðu broti hans. Er því staðfest sú niðurstaða héraðsdómara, að sýkna beri ákærða Jón af öllum kröfum ákæruvaldsins.

IV.

Refsing ákærða Kristins þykir hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði, en eftir atvikum og með hliðsjón af því, að hann hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Einnig þykir rétt, að hann greiði 300.000 króna sekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga. Vararefsing ákveðst 30 daga fangelsi.

Dæma ber ákærða Kristin til að greiða hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Annar sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu Guðmundur Albert Birgisson og Jón Magnússon eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Kristinn Eggertsson sæti fangelsi átta mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt

skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Kristinn greiði 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Kristinn greiði 100.000 krónur upp í saksóknarlaun í ríkissjóð. Hann greiði verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Birni Ólafi Hallgrímssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, samtals 350.000 krónur.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða Guðmundar Alberts Birgissonar, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, og verjanda ákærða Jóns Magnússonar, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, í héraði og fyrir Hæstarétti, hvors um sig 260.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiði ákærði Kristinn að einum þriðja hluta, en ríkissjóður að tveimur þriðju hlutum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 21. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-682/1993: Ákærvaldið gegn Kristni Eggertssyni, Guðmundi Albert Birgissyni og Jóni Magnússyni, en málið var dómtekið 29. desember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 18. nóvember sl., á hendur „Kristni Eggertssyni verslunarmanni, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, fæddum 22. febrúar 1946, fæðingarnúmer 337, Guðmundi Albert Birgissyni bónda, Núpum III, Ölfushreppi, Árnessýslu, fæddum 1. júlí 1961, fæðingarnúmer 204, og Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, Malarási 3, Reykjavík, fæddum 23. mars 1946, fæðingarnúmer 453, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

I.

Umboðssvik og misnotkun skjals.

Ákærða Kristni er gefið að sök að hafa í septembermánuði 1992, eftir að hafa greitt Verslunarlánasjóði samtals kr. 11.180.810,00, þar af kr. 10.108.781,00 hinn 14. febrúar 1990, sem voru eftirstöðvar af kröfu sjóðsins samkvæmt vísitölutryggðu skuldabréfi, út gefnu 12. desember 1986 af Málningu hf., upphaflega að fjárhæð kr. 5.000.000,00, tryggðu með veði í fasteignum ákærða Kristins, í fyrstu í Ingólfsstræti 3 og síðar einnig í Mýrarási 5 hér í borg, en stjórn Málningar hf. hafði heimilað honum að nýta lánsrétt félagsins hjá Verslunarsjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf., misnotað aðstöðu sína sem handhafi hins greidda skuldabréfs sjálfum sér til ávinnings og Málningu hf. til tjóns, gagnstætt því sem til var ætlast við útgáfu bréfsins, með því að hafa hinn 4. september 1992 fyrir milligöngu meðákærða Jóns Magnússonar, hæstaréttarlögmanns í Reykjavík, selt það og afsalað fyrir kr. 2.000.000,00 meðákærða Guðmundi Albert en jafnframt leyst fasteign sína úr veðböndum, hvað þessa kröfu varðar, hinn 10. sama mánaðar og framselt skuldabréfið handhafa með áritun á bréfið 16. sama mánaðar.

Telst brot ákærða Kristins, sem að framan er lýst, varða við 249. gr. og 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Hlutdeild í umboðssvikum ákærða Kristins og tilraun til fjársvika.

Ákærða Guðmundi Albert er gefið að sök að hafa með framangreindum viðskiptum sínum við meðákærða Kristin og kaupum á skuldabréfinu veitt meðákærða liðsinni sitt til þess að valda Málningu hf. samsvarandi fjártjóni, en jafnframt gerst sekur um tilraun til fjársvika með því að krefja og síðan höfða dómsmál á hendur Málningu hf. til innheimtu áður nefndrar fjárhæðar, kr. 11.180.810,00, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar, í því skyni að Málning hf., sem ákærði vissi eða mátti vita að meðákærði Kristinn hafði ekki átt neina kröfu á samkvæmt skuldabréfinu, yrði dæmd til að greiða sér framangreindar dómkröfur.

Teljast brot ákærða Guðmundar Alberts varða við 249. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 248. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

III.

Hlutdeild í brotum ákærðu Kristins og Guðmundar.

Ákærða Jóni er gefið að sök að hafa í opinberu sýslunarstarfi sínu sem hæstaréttarlögmaður haft milligöngu um fyrrgreind viðskipti meðákærðu Kristins og Guðmundar Alberts með skuldabréfið og sölu þess fyrir kr.

2.000.000.00, þrátt fyrir að hann þá vissi eða mætti vita, eins og viðskiptum með bréfið hafði verið háttað, að meðákærði Kristinn ætti ekki á grundvelli þess kröfu á hendur Málningu hf., og tekið að sér og reynt að innheimta hjá Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins kr. 11.180.810,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar og að hafa fylgt eftir þeirri innheimtu með málshöfðun eftir að hafa fengið upplýsingar um að meðákærði Kristinn en ekki Málning hf. væri sjálfur hinn raunverulegi skuldari frá upphafi, og þannig í lögmannsstarfi sínu veitt meðákærðu Kristni og Guðmundi Albert, hvorum á sinn hátt, liðsinni sitt til að auðgast með fyrrgreindum hætti á kostnað Málningar hf.

Teljast framangreind brot ákærða Jóns varða við 249. gr., sbr. 22. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 22. gr., almennra hegningarlaga, hvort tveggja sbr. 138. gr. sömu laga.

IV.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

— — —

Málavextir verða nú raktir í stórum dráttum, einkum kærubréf og aðdragandi þess að fram fór lögreglurannsókn sem varð grundvöllur útgáfu ákæru.

Hinn 4. desember 1992 kærði Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður f.h. Málningar hf. Kristin Eggertsson fyrir meðferð hans á veðskuldabréfi því, sem lýst er í ákæru. Í kærunni segir, að kært sé í því skyni að fram fari opinber rannsókn á því hvort háttsemi Kristins og/eða annarra brjóti gegn ákvæðum í XXVI. kafla almennra hegningarlaga og e.t.v. einkum 1. tl. 1. mgr. 250. gr. laganna eins og segir í kærubréfinu.

Í kærubréfinu er því lýst, að ákærði Kristinn hafi í desember 1986 fengið að hagnýta sér lánsrétt sem Málning hf. átti í Verslunarlána sjóði og í þessu skyni hafi Málning hf. gefið út veðskuldabréf það, sem lýst er í ákæru. Ákærði Kristinn hafi síðan áritað veðskuldabréfið og veðsett fasteign sína og að þessu loknu fengið lánsféð í sínar hendur.

Síðan er því lýst í kærunni er skuldabréfið hafi farið í vanskil og er ákærði Kristinn hafi leyst bréfið til sín. Þá er lýst innheimtutilraunum Jóns Magnússonar hrl. og kröfu Málningar hf. um að fá skuldabréfið í sínar hendur og að þeirrar kröfu hafi verið synjað. Í niðurlagi kærunnar segir síðan, að ekki sé vafi á því, að ákærði Kristinn brjóti refsilög með því að reyna að fénýta sér bréfið með kröfugerð á hendur Málningu hf.

Hinn 2. apríl sl. ritaði Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. bréf til Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem m.a. var greint frá því, að Málningu hf. hefði verið stefnt vegna skuldabréfsins, sem getið er um að ofan, og að stefnt hafi verið

í nafni Guðmundar Alberts Birgissonar og greint frá því, að ákærði Jón annaðist málsóknina. Þess er síðan farið á leit við lögregluna, að rannsókn lögreglu beinist einnig að því að upplýsa þátt ákærðu Guðmundar og Jóns við meðferð skuldabréfsins og þá hvort þeir séu með refsiverðum hætti að reyna að hafa fé af Málningu hf.

Á grundvelli þessara kæra og annarra gagna fór síðan fram lögreglurannsókn. Sú rannsókn leiddi í ljós, að ákærði Kristinn seldi ákærða Guðmundi Albert skuldabréf það sem lýst er í ákæru. Skuldabréfið var til innheimtu á lögfræðiskrifstofu ákærða Jóns og er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur dómsmál á grundvelli skuldabréfsins.

Ákærðu hafa allir vísað kæruefninu á bug hjá lögreglu og fyrir dómi.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dóminum. Eins og ákæran er úr garði gerð þykir hagfelldara að rekja málavexti heildstætt en ekki sérstaklega varðandi hvern ákærulið.

Ákærði Kristinn Eggertsson kom fyrir dóminn 10. og 28. desember sl. og vísaði ákæruskjalinu þá á bug, en kvað rétt lýst í ákæru útgáfu skuldabréfsins, veðtryggingum, greiðslu og losun veðbanda.

Ákærði kvaðst hafa samið um það við forsvarsmenn Málningar hf., að það fyrirtæki legði til peninga vegna byggingarframkvæmda sem ákærði hugðist hefja við Ingólfsstræti 3 hér í borg. Ákærði lýsti áralöngum samskiptum sínum og Málningar hf. og hafi þau samskipti staðið allt frá árinu 1977. Ákærði greindi frá ýmsu í þessum samskiptum sem ástæðulaust er að rekja frekar vegna máls þessa.

Ákærði kvað „heiðursmannasamkomulag“ hafa komist á milli Málningarvara og Málningar hf. í byrjun desember 1983 og þar hafi verið fastmæli búið, hvernig viðskiptum fyrirtækjanna skyldi háttað framvegis, og m.a. hafi þar verið samið um umboðslaun og álagningu. Þetta samkomulag hafi byggst á minnispunktum að sögn ákærða, og hafi Valdimar Bergstað, stjórnarformaður Málningar hf., komið fram fyrir hönd Málningar hf. auk Eggerts Kristinssonar, stjórnarmanns sama fyrirtækis. Ákærði kvaðst síðan hafa haldið verslun áfram á þessum grunni þar til haustið 1985 er ákærða var sagt upp leiguhúsnaði því er hann rak verslun sína í við Ingólfsstræti 5. Ákærði kvaðst þá ásamt Eggerti Kristinssyni hafa haldið á fund Valdimars Bergstað, stjórnarformanns Málningar hf., og greint frá uppsögn leiguhúsnaðisins. Ákærði kvað niðurstöðu þessa fundar hafa verið þá, að þeir Valdimar og Eggert hefðu hvatt sig til að gera ásamt fleirum kaupþilboð í Ingólfsstræti 5 sem hafi verið gert. Ekki hafi orðið af kaupum.

Nú hafi ákærði aftur leitað til Málningar hf. og eftir þann fund hafi verið ákveðið að ákærði keypti húsið við Ingólfsstræti 3 sem þá var falt og Máln-

ing hf. hafi lofað að styðja við bakið á ákærða vegna þessa og byggingarframkvæmda við Ingólfsstræti 3 og leggja til fjármagn og kvaðst ákærði hafa samið um þetta við meiri hluta stjórnar Málningar hf., þá Eggert Kristinsson og Valdimar Bergstað. Í þessu skyni hafi verið sótt um lán hjá Verslunarlánasjóði í febrúar 1986 og hafi Málning hf. verið skuldari og útgefandi skuldabréfs en ákærði hafi lagt til veðtryggingar. Sótt var um 6,5 milljónir króna en veitt lán var að fjárhæð 5 milljónir króna. Lánið var tilbúið til útborgunar í desember 1986 og kvaðst ákærði þá hafa farið í Verslunarlánasjóðinn í því skyni að sækja féð, en verið greint frá því, að Málning hf. væri lántakandi og skuldari samkvæmt skuldabréfinu og hefðu peningarnir verið lagðir inn á bankareikning Málningar hf. Ákærði kvaðst síðan í byrjun janúar 1987 hafa ætlað að sækja féð hjá Málningu hf. en ekki fengið. Ákærði kvað fénu hafa verið ráðstafað einhliða af hálfu Málningar hf. og ekki hafi verið haft samráð við sig um ráðstöfun fjárins, en fjármunirnir voru notaðir til að jafna út skuld Málningarvara við Málningu hf. en ákærði kvað þá skuld umdeilda.

Kvað ákærði föður sinn, Eggert Kristinsson, hafa verið þeirrar skoðunar, að Málning hf. hefði ráðstafað fénu öðruvísi en þeir máttu. Ákærði kvaðst telja, að Málning hf. hefði stolið þessu fé, en á þessum tíma hefði ákærði verið með húsið við Ingólfsstræti 3 uppsteypt, og hefði verið beðið eftir þessum peningum, sem ráðstafa hefði átt til greiðslu vinnulauna o.fl. Ákærði kvaðst hafa mótmælt ráðstöfun fjármunanna við Stefán Guðjohnsen, fjármálastjóra Málningar hf., án árangurs og reynt að fá forsvarsmenn Málningar hf. að samningaborðinu í um 1 og ½ ár. Eftir fund hjá Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, sem þeir Valdimar Bergstað og Eggert Kristinsson sátu síðari hluta árs 1988, kvaðst ákærði hafa fengið þau skilaboð frá Valdimar að hann neitaði enn að ræða við ákærða.

Ákærði kvað fjárhagslegt uppgjör Málningarvara og Málningar hf. alls ekki hafa verið ljóst er Verslunarlánasjóðurinn greiddi út lánsfjárhæðina og kvaðst ákærði hafa talið það sérstakt mál að greiða úr viðskiptaskuldinni og uppgjóri tengdu henni annars vegar og hins vegar samninginn og ráðstöfun fjárins úr Verslunarlánasjóði.

Ákærði kvað uppgjör Málningarvara og Málningar hf. á þessum tíma því alls ekki hafa verið á hreinu og hafi verið umdeilt. Og þótt lán það, sem lýst er í ákæru, hafi verið fært til skuldar í efnahagsreikningi Málningarvara, þá kvað ákærði endurskoðanda sinn hafa gert athugasemd við þennan lið, er hann frétti af því, hvernig Málning hf. hafði meðhöndlað þessa fjármuni. Ákærði kvaðst hafa undir höndum miða frá endurskoðandanum þar sem greint sé frá því, að varðandi þetta lán sé ekkert endanlega ákveðið.

Ákærði kvað þannig ranga þá lýsingu í ákæru, að Málning hf. hefði heimilað sér að nýta lánsréttinn hjá Verslunarlánasjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf.

Um svipað leyti og samið var um að sótt yrði um lánið hjá Verslunarlánasjóði var gert samkomulag um að viðskiptaskuld Málningarvara hjá Málningu hf. mætti hækka út árið 1986. Vegna viðskiptaskuldarinnar hafi verið gefinn út 5 milljóna króna tryggingarvixill á haustmánuðum 1986. Ákærði kvað víxillinn hafa verið gefinn út nokkru áður en Verslunarlánasjóðurinn greiddi út lánið sem var í desember 1986. Vixillinn hafi verið óviðkomandi skuldabréfinu sem að sögn ákærða hafi verið með fullkomnum veðtryggingum sem ákærði lagði til.

Ákærði kvaðst hafa greitt skuldabréfið upp, svo sem lýst er í ákæru, og þar með leyst skuldabréfið til sín. Áður en til þess kom, kvaðst ákærði hafa ráðfært sig við nafngreindan hæstaréttarlögmann, tvo bankastjóra o.fl. Eftir þetta hafi ákærði greitt skuldabréfið. Ákærði kvað mistök af sinni hálfu að hafa ekki kært forráðamenn Málningar hf. fyrir skilasvik og þjófnað, eftir að hafa reynt árangurslaust allt árið 1987 og 1988 að fá forráðamenn Málningar hf. að samningaborðinu. Vegna þessa hafi ekki verið látið við það sitja að koma skuldabréfinu í skil. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að reyna allt.

Ákærði kvaðst síðan hafa selt skuldabréfið fyrir milligöngu manns sem hann vildi ekki nafngreina, en meðákærði Jón Magnússon hafi þar hvergi komið nærri og hann enga milligöngu haft við söluna. Meðákærði Jón hafi beðið um að fá upplýst hver væri eigandi skuldabréfsins og hans einu afskipti af málinu hafi verið þau, hvað ákærða varðaði, að afla afsals til kaupanda skuldabréfsins. Meðákærði Jón hafi engin lögfræðistörf unnið fyrir sig og ákærði engin persónuleg samskipti haft við meðákærða Jón vegna þessa skuldabréfs.

Ákærði vildi ekki gefa upp söluverð skuldabréfsins, en staðfesti útgáfu greiðslukvittunar sem dagsett er 4.9. 1992 til meðákærða Guðmundar og hljóðar upp á 2 milljónir króna. Ákærði kvaðst eftir ábendingu hafa farið með ljósrit skuldabréfsins á lögmannsstofu Jóns Magnússonar í ágúst sl. Þar kvaðst ákærði hafa rætt við Ástríði, starfsmann á skrifstofunni, en sér hefði verið bent á hana, þar sem hún hefði séð um innheimtumál á skrifstofunni. Ákærði kvaðst hafa beðið Ástríði um að taka skuldabréfið til innheimtu eftir að veðböndum hafði verið létt og á skuldabréfið verið áritað framsal til handhafa.

Ákærði kvaðst ekki telja, að hann hefði greint Ástríði frá samskiptum þeim sem lágu bak við skuldabréfið.

Ákærði kvaðst hafa greint meðákærða Jóni frá því hvaða samskipti lægju á bak við skuldabréfið eftir að lögmaður Málningar hf. hafði haft samband við meðákærða Jón vegna skuldabréfsins og sent meðákærða Jóni tvö bréf vegna þessa.

Ákærði kvaðst fyrst á sl. haustmánuðum hafa frétt af meðákærða Guðmundi en áður ekkert hafa þekkt til hans og aldrei rætt við hann.

Ákærði vísaði því á bug, að hann hefði ráðstafað skuldabréfinu Málningu hf. til tjóns og sjálfum sér til ávinnings. Ákærði kvað stefna í að hann tapaði aleigunni á viðskiptum við Málningu hf.

Ákærði Guðmundur Albert Birgisson kom fyrir dóminn 10. og 28. desember sl. og vísaði ákæruskjalinu á bug utan að hann kvað rétt að hann keypti skuldabréfið á þeim tíma, sem lýst er í ákæru.

Ákærði kvað kaup sín á skuldabréfinu hafa komist á fyrir milligöngu Jóns Bjarna Gunnarssonar. Ákærði kvað þann mann hafa greint sér frá skuldabréfi, sem hugsanlega væri falt, og hefði Jón Bjarni sett sig í samband við ákærða vegna þessa. Jón Bjarni greindi ákærða síðan frá því hver væri greiðandi skuldabréfsins og kvaðst ákærði þá hafa ákveðið að kaupa skuldabréfið. En áður en kaupin fóru fram, kvaðst ákærði hafa leitað bæði til Lárusar Blöndals héraðsdómslögmanns og annars aðila, sem ákærði taldi geta ráðlagt sér heilt varðandi kaupin. Þá kvaðst ákærði áður hafa fengið í hendur ljósrit skuldabréfsins hjá Jóni Bjarna Gunnarssyni. Eftir umhugsun kvaðst ákærði síðan hafa keypt skuldabréfið af meðákærða Kristni og greitt fyrir kr. 2 milljónir svo sem í ákæru greinir. Ákærði lýsti því, að ekki væri ljóst hvað fengist fyrir skuldabréfið við innheimtu þess, m.a. vegna hugsanlegrar fyrningar vaxta o.fl. Ákærði kvaðst einkum hafa litið til skuldara samkvæmt skuldabréfinu, Málningar hf., og talið skuldarann líklegan til að geta staðið við skuldbindingar sínar og því hafa fest kaup á skuldabréfinu og því ekki sett fyrir sig, að ekki væru veðtryggingar fyrir hendi, en samið var um það, að ákærði keypti skuldabréfið án veðtrygginga, en skuldabréfið var að fullu leyst úr veðböndum stuttu eftir að ákærði keypti það. Þá taldi ákærði ekki skipta máli, þótt nokkur tími væri liðinn, frá því að meðákærði Kristinn leysti skuldabréfið til sín og þar til ákærði keypti það. Ákærði hafi, svo sem rakið var, fyrst og fremst litið á greiðslugetu skuldarans.

Er ákærði ákvað að kaupa skuldabréfið, kvaðst hann ekkert hafa vitað um samskipti meðákærða Kristins og Málningar hf. og þá hvort eða hvernig þau samskipti vörðuðu skuldabréfið. Aldrei hafi komið til tals, að meðákærði Kristinn væri skuldari og engar upplýsingar legið fyrir um það, að meðákærði Kristinn væri skuldari en ekki Málning hf. svo sem skuldabréfið

sjálfst ber með sér. Ákærði kvaðst aldrei hafa haft milliliðalaust samband við meðákærða Kristin vegna þessara viðskipta á þeim tíma er kaupin fóru fram, Jón Bjarni Gunnarsson hefði þar haft milligöngu, svo sem lýst var.

Þá kvaðst ákærði engar upplýsingar hafa haft um hugsanlega fjárþröng meðákærða Kristins er kaupin fóru fram. Jón Bjarni Gunnarsson hefði hugsanlega vitað eitthvað um fjárhagsstöðu meðákærða Kristins, en ákærði ekki vitað um hana, heldur fyrst og fremst kannað, hvort greiðandinn samkvæmt skuldabréfinu væri borgunarmaður fyrir fjárskuldbindingum sínum. Ákærði tók fram, að kaup sín á þessu skuldabréfi væru ekki frábrugðin þeim kaupum sem fram fara á vegum banka og kvaðst ákærði hugsanlega hafa getað komið skuldabréfinu inn í sinn viðskiptabanka.

Ákærði Guðmundur kvað meðákærða Jón engin afskipti hafa haft og ekki hafa komið nálægt sölu skuldabréfsins. Hins vegar hefði verið gengið frá yfirlýsingu varðandi kaupin á skrifstofu meðákærða Jóns um mánaðamótin ágúst-september 1992, en þá kvaðst ákærði þegar hafa verið búinn að kaupa skuldabréfið.

Eftir kaup sín á skuldabréfinu fyrir milligöngu þriðja manns, svo sem lýst hefur verið, kvað ákærði meðákærða Kristin hafa haldið með skuldabréfið á lögmannsstofu Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, og þar hafi meðákærði Kristinn beðið starfsstúlku um að sjá um að ganga frá skuldabréfinu, m. a. losa veðbönd.

Ákærði kvaðst fyrst hafa vitað um ágreining milli meðákærða Kristins og Málningar hf., fljótlega eftir að Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður hafði samband við meðákærða Jón og greindi honum frá því, að skuldabréfið væri þegar greitt.

Málshöfðun hafi síðan verið ákveðin að höfðu samráði við ákærða, og hafi verið veittir ítrekaðir frestir í því skyni, að Málning hf. gæti aflað og komið fram með þær mótbárur sem þeir þurftu. Ákærði kvaðst þá hafa samþykkt sem eigandi skuldabréfsins, að Málning hf. fengi ítrekaða fresti í þessu skyni og þeir hafi þannig fengið öll tækifæri sem þeir þurftu án þess að setja málið í þann farveg sem það nú er í. Ákærði kvaðst hafa rætt við meðákærða Jón áður en málshöfðun var ákveðin til innheimtu skuldabréfsins og alltaf hafi verið ljóst, að Málning hf. gæti komið að öllum vörnum sem þeir vildu og að afrakstur rannsóknarinnar, sem varð tilefni útgáfu ákæru máls þessa, fengi þar að komast að sem varnir. Ákærði kvað sér ekki hafa komið til hugar að innheimta skuld sem þegar væri greidd.

Ákærði kvað ástæðu þess, að skuldabréfið hefði verið til innheimtu á lögmannsstofu Jóns Magnússonar, hafa verið þá, að meðákærði Kristinn hafði áður komið skuldabréfinu í hendur Ástríðar Sólrúnar Grímsdóttur, starfs-

manns lögmannsstofunnar, í því skyni að ganga frá framsali og losun veðbanda. Hefði þetta ekki átt sér stað, kvaðst ákærði myndu hafa leitað annað með innheimtu skuldabréfsins.

Ákærði Jón Magnússon kom fyrir dóminn 10. og 28. desember sl. og vísaði sakarefni í ákæruskjalinu þá á bug.

Ákærði Jón kvaðst enga milligöngu hafa haft um viðskipti meðákærðu svo sem ákært er út af. Ákærði vísaði því þannig á bug að hafa gerst hlutdeildarmaður í meintum umboðssvikum meðákærðu.

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað af því, að skuldabréfið hefði verið á lögmannsstofu sinni fyrr en Ástríður Sólrún Grímsdóttir, starfsmaður sinn, hefði unnið að störfum, sem tengdust veðbandslausn skuldabréfsins, en sér hefði ekki verið greint frá því áður, að þetta skuldabréf væri komið á lögmannsstofu ákærða til innheimtumeðferðar. Ákærði vissi ekki af því er sent var út innheimtubréf vegna skuldabréfsins, en starfsmaður lögmannsstofunnar hefði annast það.

Ákærði kvaðst þannig ekki hafa vitað um neinn ágreining milli meðákærða og Málningar hf. fyrr en eftir að innheimtubréfið var sent út og starfsmaður lögmannsstofunnar annaðist. Eftir þetta hafi Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður hringt og haft uppi mótbárur, en það hafi ekki verið fyrr en í október eða nóvember sl., að ákærði vissi, um hvað ágreiningurinn snerist, en það frétti ákærði eftir að hafa hringt í meðákærða Kristin sem greindi frá því sem lá að baki útgáfu skuldabréfsins.

Eftir sendingu innheimtubréfsins hafi Jón Steinar haft við sig símsamband og síðar skrifað sér bréf. Þar komu fram mótmæli vegna innheimtubréfsins og hafi Jón Steinar haldið því fram, að búið væri að greiða skuldabréfið og skuldin væri Málningu hf. óviðkomandi. Hafi Jón Steinar krafist þess að fá frumrit skuldabréfsins afhent. Þessu kvaðst ákærði hafa hafnað og Jón Steinar þá sagt að hann ætlaði að krefjast opinberrar rannsóknar.

Fyrst eftir símhringingar Jóns Steinars hafi ákærði vitað, að einhver ágreiningur væri að baki skuldabréfinu. Ákærði greindi frá því, að fallið yrði frá innheimtunni ef í ljós kæmi, að Málning hf. skuldaði ekki samkvæmt skuldabréfinu.

Ákærði hafi þá ákveðið að höfðu samráði við meðákærða Guðmund, að málið yrði látið bíða um stund meðan rannsókn færi fram.

Ákærði kvað síðan hafa verið ákveðið að höfða dómsmál til innheimtu skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu, og hefðu þeir meðákærði Guðmundur haft samráð áður en málið var höfðað. Þar hafi allan tímann verið ljóst og ákveðið, að vörnum yrði hleypt að í málinu, þrátt fyrir að málið væri höfðað á grundvelli 17. kafla laga um meðferð einkamála. Þetta hafi

Jóni Steinari verið ljóst eða a.m.k. átt að vera ljóst, m.a. vegna þeirra fresta, sem veittir voru við rekstur einkamálsins, og Jóni Steinari ofsinnis verið greint frá því, að hann fengi þá fresti, sem hann óskaði eftir, og hefðu þeir frestir allir fengist.

Ákærði vísaði því á bug, sem í ákæru greinir, að hann hefði fylgt eftir innheimtu skuldabréfsins með málshöfðun eftir að hafa fengið upplýsingar um það að meðákærði Kristinn en ekki Málning hf. væri sjálfur hinn raunverulegi skuldari. Ákærði kvaðst aldrei hafa vitað og ekki vita enn að hlutirnir væru með þeim hætti. Ákærði kvaðst ekki enn hafa séð gögn sem bentu til þessa. Ákærði kvaðst í október eða nóvember sl. hafa hringt í meðákærða Kristin og hann þá greint ákærða frá því, hvað það væri, sem lægi að baki útgáfu skuldabréfsins. Þá fyrst vissi ákærði bakgrunninn.

Vitnið Valdimar Bergstað, stjórnarformaður Málningar hf., kom fyrir dóminn 28. desember sl. Valdimar er fyrrum mágur ákærða Kristins.

Valdimar kvað aðdraganda þess, að sótt var um lán og síðar út gefið skuldabréf það, sem í ákæru greinir, hafa verið þann, að ákærði og faðir ákærða Kristins, Eggert Kristinsson, þá stjórnarmaður í Málningu hf., hefðu komið á sinn fund og óskað eftir því, að Málning hf. heimilaði ákærða Kristni og fyrirtæki hans, Málningarvörum, að nýta lánsrétt Málningar hf. hjá Verslunarlánasjóðnum vegna byggingarframkvæmda ákærða við Ingólfsstræti. Þetta hefði Valdimar samþykkt en framkvæmdaatriði hefðu verið í höndum Stefáns Guðjohnsen, fjármálastjóra Málningar hf. Sótt var um lánið 24. febrúar 1986 vegna byggingarframkvæmdanna og lánið veitt og greitt út í desember s.á. Þessi ráðstöfun hefði aldrei verið rædd á stjórnarfundum Málningar hf. og ekkert um hana bókað. Þessi heimild hefði verið veitt vegna þess, að faðir ákærða Kristins sé hluthafi og stjórnarmaður í Málningu hf. svo og vegna persónulegra tengsla sinna og ákærða Kristins.

Ákærði Kristinn hafi lagt til veðtryggingar og að auki hafi Málning hf. fengið í hendur tryggingarvixil, að fjárhæð kr. 5 milljónir, og taldi Valdimar sig muna rétt, að þessi víxill hefði verið hugsaður sem trygging fyrir Málningu hf. þrátt fyrir það að ákærði Kristinn hefði lagt til veðtryggingar. Vixillinn hefði þannig ekki verið vegna viðskiptaskulda Málningarvara við Málningu hf.

Valdimar kvað Málningu hf. hafa fengið lánsfjárhæðina í hendur í desember 1986, og þá hefði hún verið notuð til að skuldajafna viðskiptaskuld Málningarvara, fyrirtækis ákærða, sem safnað hefði viðskiptaskuld á árinu. Valdimar kvað aldrei hafa verið samið um að ákærði fengi að mynda viðskiptaskuld á árinu 1986, en Málning hf. hefði umborið ákærða að mynda þessa skuld. Valdimar kvað þessa ráðstöfun fjármunanna ávallt hafa verið

„í umræðunni“ milli sín, ákærða, Stefáns Guðjohnsen og Eggerts Kristinssonar. Valdimar kvaðst hins vegar aldrei hafa rætt þetta við ákærða Kristin en taldi alveg víst að Stefán Guðjohnsen hefði gert það. Valdimar kvað þróunina hafa verið þá á árinu 1986, vegna þess hversu langan tíma tók að afgreiða lánsúmsóknina, að Málning hf. hefði í raun fjármagnað lánið fyrir fram með því að leyfa viðskiptaskuldinni að myndast.

Valdimar kvað aldrei hafa verið um það samið, að ákærða Kristni hefði verið heimilað að nýta lánsrétt Málningar hf. í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til að greiða skuld hans eða Málningarvara við Málningu, svo sem lýst er í ákæru. Lánið var vegna byggingarframkvæmda.

Vitnið Stefán Guðjohnsen, fjármála- og framkvæmdastjóri Málningar hf., kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Stefán kvaðst að fyrirmælum Valdimars Bergstað hafa sótt um lán hjá Verslunarlánasjóði. Aðdragandinn hefði verið sá, að ákærði Kristinn hefði farið fram á þetta, og hefði verið sótt um lánið vegna viðskiptasambanda og tengsla ákærða Kristins við stjórnendur Málningar hf. Stefán vissi ekki hvernig staðið var að ákvörðun um, að sótt skyldi um lánið, en taldi meiri hluta stjórnar Málningar hf., þá Valdimar Bergstað og Eggert Kristinsson, hafa tekið þessa ákvörðun. Stefán útfyllti síðan lánsúmsókn í febrúar 1986 f.h. Málningar hf. þar sem sótt var um 6,5 milljóna króna lán og var það gert vegna húsbýggingar ákærða Kristins í Ingólfsstræti og öllum verið ljóst að lánið var vegna húsbýggingar.

Stefán kvað Málningu hf. síðan hafa gefið út skuldabréfið og ákærði Kristinn lagt til veðtryggingar. Fyrir utan þá tryggingu af hálfu ákærða Kristins kvaðst Stefán hafa tekið við 5 milljón króna tryggingarvaxli f.h. Málningar hf. en Stefán mundi ekki hvenær víxillinn var afhentur.

Lánið, 5 milljónir króna, hafi síðan verið greitt út í desember 1986 og hafi þeir fjármunir verið notaðir til að jafna út viðskiptaskuld ákærða Kristins hjá Málningu hf. og skuldajöfnunin farið fram að höfðu samráði við ákærða Kristin. Stefán kvaðst m.a. hafa greint ákærða Kristni frá því að dráttarvextir legðust á viðskiptaskuldina. Ekki hafi verið haft samráð við ákærða er þetta var gert, honum einungis greint frá þessu.

Stefán kvað ákærða og fyrirtæki hans, Málningarvörur, hafa safnað viðskiptaskuld frá því er sótt var um lánið þar til það fékkst afgreitt og taldi Stefán, að bæði sér og ákærða Kristni hefði verið það ljóst, að lánið færi til að greiða upp viðskiptaskuldina, hver sem hún yrði. Ekki hefði verið samið sérstaklega um þetta.

Stefán kvað ákærða Kristin í fyrstu hafa greitt afborganir af láninu, en það síðan farið í vanskil. Uppboðsbeiðni, dagsett 6. desember 1989, barst

Málningu hf., en ekkert var gert af hálfu fyrirtækisins til að koma skuldaskilum Málningar hf. og Málningarvara á hreint þrátt fyrir þetta. Hins vegar kvaðst Stefán hafa beðið kröfuhafann um að senda tilkynningar um greiðslu af skuldabréfinu til ákærða Kristins en ekki til Málningar hf. og taldi Stefán að við þetta hefði farið fram skuldskeyting, en ekki verið staðið að því á formlegan hátt.

Stefán kvaðst telja, að í raun hefði Málning hf., sem er skuldari samkvæmt skuldabréfinu, tekið lánið og endurlánað ákærða Kristni, en ekkert formlegt samkomulag hefði hins vegar verið gert um þessa ráðstöfun. Stefán kvað þannig ekkert eftirlit hafa verið með því af hálfu Málningar hf. að greiða af láninu, hafa eftirlit með því, að það yrði gert eða að sjá til, að formleg skuldskeyting færi fram.

Vitnið Eggert Kristinsson, stjórnarmaður í Málningu hf., kom fyrir dóminn 28. desember sl. Eggert er faðir ákærða Kristins.

Eggert kvað Málningu hf. hafa sótt um lán, að fjárhæð 6,5 milljónir króna í febrúar 1986, og hefði það verið gert vegna og í tengslum við byggingarframkvæmdir Málningarvara við Ingólfsstræti. Lánið hefði verið greitt út í desember 1986 og farið inn á bankareikning Málningar hf. enda hafi þeir verið lántakendur á þessum tíma. Ákærði Kristinn hafi þannig ekki fengið féð í hendur.

Á sínum tíma hafi verið um það samið að Málning hf. styddi ákærða Kristin á tvennan hátt, annars vegar þannig, að ákærði Kristinn mætti safna viðskiptaskuld, og hins vegar á þann hátt, að sótt var um lánið í hans þágu, og hefði hann átt að fá lánsféð í hendur. Aldrei hefði verið um það samið hversu há viðskiptaskuldin mætti vera. Það hefði verið opið. Valdimar Bergstað hefði staðið að þessum ákvörðunum ásamt sér, og hefði þar verið fullt samkomulag um að styðja ákærða Kristin þannig meðan á húsbyggingunni stæði.

Eggert kvaðst ekki vita til þess, að samið hefði verið um það við ákærða Kristin á tímabilinu, frá því að sótt var um lánið í febrúar 1986, þar til lánið var greitt út í desember s.á., hvort heimilt væri að ráðstafa fénu öðruvísi en afhenda það ákærða Kristni.

Eggert kvaðst hafa gefið út 5 milljón króna tryggingarvíg, sem var til að tryggja viðskiptaskuld Málningarvara hjá Málningu hf. Eggert taldi líklegt að víxillinn hefði verið gefinn út, áður en lánið var greitt út í desember 1986, en þetta hefði þó allt átt sér stað á svipuðum tíma. Þessi víxill hefði verið skuldabréfinu óviðkomandi.

Eggert kvaðst telja það tvö aðskilin mál, annars vegar skuldabréfalánið, sem átti að renna til byggingarframkvæmda, svo sem rakið hefur verið, og

hins vegar viðskiptaskuldina, sem 5 milljón króna víxillinn hefði átt að tryggja.

Eggert kvaðst ekkert þekkja hvernig fjárhagslegum samskiptum ákærða Kristins og Málningar hf. var háttað á þessum tíma og ekkert vita um hugsanlega fjárkröfu ákærða Kristins á hendur Málningu hf. en taldi að ákærði Kristinn ætti ekki fjárkröfu á hendur Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins.

Vitnið Sigurlaug Þorsteinsdóttir skrifstofumaður kom fyrir dóminn 28. desember sl. Sigurlaug er móðir ákærða Kristins.

Sigurlaug kvaðst hafa vitað af lánsúmsókn og síðar af láni því, sem um getur í ákæru og það hefði verið sín trú, að lánsféð ætti að renna til húsbýggingar ákærða við Ingólfsstræti hér í borg. Sigurlaug kvaðst telja, að ákærði hefði aldrei ráðist í húsbýgginguna nema af því að hann hafi reiknað með þessu fé í hana.

Sigurlaug kvaðst ekki geta svarað því hvort ákærði Kristinn ætti fjárkröfu á hendur Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins sem í ákæru greinir.

Sigurlaug greindi frá ýmsu í samskiptum ákærða og Málningar hf. í gegnum tíðina sem ekki er ástæða til að rekja hér. Hún kvaðst vita af því, að Eggert, eiginmaður sinn, hefði gefið út 5 milljón króna víxil, sem átti að tryggja viðskiptaskuld Málningarvara hjá Málningu hf.

Vitnið Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Jón Steinar kvað fyrstu afskipti sín af máli þessu hafa átt sér stað, eftir að Málningu hf. hafði verið sent innheimtubréf vegna skuldabréfs þess sem í ákæru greinir, en Jón Steinar er lögmaður Málningar hf. Jón Steinar kvaðst hafa greint ákærða Jóni frá því símleiðis, að engin skuld væri að baki hjá Málningu hf. Jón Steinar lýsti síðan bréfaskriftum sínum til ákærða Jóns og að forsvarsmenn Málningar hf. hefðu falið sér að leggja fram kæru á hendur ákærða Kristni, eftir að í ljós hefði komið, að ákærði Kristinn hefði verið ákveðinn í að innheimta skuldina samkvæmt skuldabréfinu, og kvaðst Jón Steinar hafa kært í byrjun desember 1992. Jón Steinar kvaðst í fyrstu hafa talið ákærða Kristin vera umbjóðanda ákærða Jóns. Þá hefði beiðni sinni um afhendingu skuldabréfsins verið hafnað.

Síðar hefði komið í ljós, að ákærði Guðmundur Albert var eigandi skuldabréfsins, og er það kom á daginn og eftir að stefna hafði verið gefin út, þá kvaðst Jón Steinar hafa kært ákærðu Guðmund Albert og Jón til rannsóknarlögreglunnar 2. apríl sl.

Kærubréfunum var lýst hér að framan.

Jón Steinar kvaðst einungis hafa vitað til þess, að kærði Kristinn hefði

fengið að nýta sér lánsrétt Málningar hf. hjá Verslunarlánasjóði vegna viðskiptatengsla og persónulegra tengsla við fyrirsvarsmenn Málningar hf.

Hann kvaðst ekki vita hver bakgrunnurinn og aðdragandi lánsúmsóknarinnar og lántökunnar hefði verið. Hið eina, sem hann kvaðst geta sagt um tilganginn með lántökunni, væri það, að Kristinn væri hinn raunverulegi lántakandi. Ekki hefðu farið fram ýtarleg samtöl um þetta og sér hvorki greint frá því til hvers lánið átti að ganga né varðandi útgreiðslu lánsins og kvaðst hann á þeim tíma ekki hafa vitað hvort Málning hf. eða ákærði Kristinn fengu lánsfjárhæðina í hendur.

Jón Steinar kvaðst ekki vita um það, hvort samið hefði verið um það milli Málningar hf. og ákærða Kristins, að Málning hf. gæti skuldajafnað vegna viðskiptaskuldarinnar þegar Málning hf. fékk í hendur andvirði lánsins í desember 1986.

Jón Steinar lýsti síðan málshöfðuninni á hendur Málningu hf. og mála-rekstrinum á grundvelli 17. kafla laga um meðferð einkamála. Hann kvað ákærða Jón hafa veitt sér alla umbeðna fresti í einkamálinu. Þá greindi Jón Steinar frá því, að fljótlega eftir þingfestingu einkamálsins hefði ákærði Jón greint sér frá því, að ekki væri ætlunin að reka einkamálið þannig að réttmætar varnir kæmust ekki að. Þessi afstaða ákærða Jóns hefði síðan komið formlega fram í þinghaldi 23. október sl. undir rekstri einkamálsins.

Vitnið Lárus Blöndal héraðsdómslögmaður kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Lárus kvaðst minnst þess, að ákærði Guðmundur Albert hefði haft við sig símasamband fyrir 1–2 árum og, að því er Lárus taldi, áður en ákærði Guðmundur festi kaup á skuldabréfi því er í ákeru greinir. Lárus kvaðst ekki muna vel, hvað þeim ákærða Guðmundi fór á milli, en taldi þó, að ákærði Guðmundur hefði borið undir sig tilbúið dæmi og spurt, hvaða áhrif það hefði ef keypt yrði skuldabréf sem komið væri úr höndum upphaflegs eiganda og síðan kæmu upp deilur milli hans og útgefanda. Lárus kvaðst hafa lýst áliti sínu á þessu, en spurt ákærða Guðmund, um hvað ágreiningurinn snerist. Ákærði Guðmundur hefði ekki vitað það, en kvaðst hafa heyrt, að menn væru eitthvað ósáttir, en á þessum tíma hefði ákærði Guðmundur sagst ekki vita um hvað þessi ágreiningur snerist.

Vitnið Jón Bjarni Gunnarsson, fjármálastjóri Hörpu hf., kom fyrir dóm-inn 28. desember sl.

Jón Bjarni kvað fyrirtæki ákærða Kristins hafa skuldað Hörpu hf. pen-inga, og vegna þeirrar viðskiptaskuldar hefði Jón Bjarni þurft að rukka ákærða Kristin. Hann hefði ekki getað greitt, en m.a. boðið skuldabréf, sem Jón Bjarni kvaðst ekki vilja taka sem greiðslu bæði vegna þess, að sam-

keppnisaðili Hörpu hf. var útgefandi skuldabréfsins svo og vegna þess að ákærði Kristinn skuldaði viðskiptaskuld sem greiðast skyldi með peningum. Kristinn hefði þá spurt, hvort Jón Bjarni vissi um einhvern aðila sem hugsanlega vildi kaupa skuldabréfið, en sér hefði verið sýnt ljósrit skuldabréfsins. Jón Bjarni kvaðst hafa greint ákærða Kristni frá því, að hann þekkti mann sem eitthvað hefði gert af því að kaupa viðskiptakröfur og þar átt við ákærða Guðmund. Jón Bjarni hefði þá gefið ákærða Kristni upp nafn ákærða Guðmundar og símanúmer og þá kvaðst Jón Bjarni hafa fært þetta í tal við ákærða Guðmund næst er þeir hittust. Jón Bjarni kvaðst telja líklegt, að hann hefði nefnt við ákærða Guðmund, hver væri greiðandi skuldabréfsins.

Jón Bjarni kvaðst aldrei hafa haft frumrit skuldabréfsins undir höndum og ekkert vita hvernig staðið var að viðskiptum með skuldabréfið.

Vitnið Ástríður Sólrún Grímsdóttir lögfræðingur kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Ástríður kvaðst hafa unnið sem fulltrúi á lögmannsstofu ákærða Jóns á þeim tíma er ákærði Kristinn kom með skuldabréfið á skrifstofuna til innheimtu. Ástríður kvað ákærða Kristni hafa verið vísað til sín þar sem ákærði Jón hefði ekki verið við á skrifstofunni. Ástríður kvaðst hafa tekið við skuldabréfinu og fengið framsalsáritun á bréfið frá banka þar sem bréfið var framselt til ákærða Kristins. Þetta hefði verið hið eina, sem Ástríður kvaðst hafa séð að vantaði á skuldabréfið til að unnt væri að innheimta það.

Síðan kvaðst Ástríður hafa gengið frá skuldabréfinu þannig að ákærði Kristinn framselur það handhafa. Þetta hefði verið gert að beiðni ákærða Kristins og verið gert án þess að ákærði Jón vissi af.

Ástríður kvaðst hafa sent innheimtubréf til Málningar hf., og hefði ákærði Jón engin afskipti haft þar af. Þá kvað Ástríður sig minna, að hún hefði borið orðalag veðbandslausnar undir ákærða Jón, en hún myndi það þó ekki fyllilega.

Ástríður kvaðst enga hugmynd hafa haft um það hvað lá að baki þessu skuldabréfi, en eftir að innheimtubréfið hefði verið sent, hefði einhver aðili frá Málningu hf. hringt, og eftir það hefði Ástríður afhent ákærða Jóni málið.

Vitnið Ingibjörg Pálsdóttir ritari kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Ingibjörg vottaði veðbandslausn, dagsetta 10. september 1992, og afsal, dagsett 4. september 1992, bæði skjölin vegna sölu skuldabréfsins, sem í ákæru greinir. Ingibjörg mundi ekkert eftir því, hvort ákærðu Kristinn og Guðmundur hefðu verið staddir samtímis á skrifstofu ákærða Jóns á þeim

tíma er hún vottaði skjölin. Ingibjörg kvaðst votta mjög mörg skjöl og ekkert muna sérstakt um þessi skjöl.

Vitnið Steinunn Sveinsdóttir ritari kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Steinunn staðfesti vottun sína á sömu skjöl og vitnið Ingibjörg Pálsdóttir vottaði. Hvorki ákærði Kristinn né ákærði Guðmundur hefðu verið viðstaddir er hún vottaði skjölin.

Niðurstöður.

I.

Svo sem rakið var, hefur ákærði Kristinn sagt rétta lýsingu í ákæruskjali á útgáfudegi skuldabréfsins, greiðsludegi og veðböndum, losun veðbanda og sölu skuldabréfsins til meðákærða Guðmundar á þeim tíma sem þar er lýst.

Rakinn var hér að framan framburður ákærða um aðdraganda þess, að Málning hf. sótti um lánið, svo og tilgangur lánsúmsóknarinnar og í þessu sambandi vikið að „heiðursmannasamkomulagi“ sem ákærði kvað hafa komist á.

Ákærði hafnaði því, að stjórn Málningar hf. hefði heimilað sér að nýta lánsréttinn hjá Verslunarlánasjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, svo sem lýst er í ákæru.

Vitnin Valdimar Bergstað og Eggert Kristinsson, forsvarsmenn Málningar hf., hafa báðir borið, að sótt hafi verið um lánið svo sem ákærði bar og það átt að fara til nýbyggingar ákærða við Ingólfsstræti hér í borg. Þá hefur vitnið Sigurlaug Þorsteinsdóttir borið efnislega á sama veg.

Ekkert var bókað um þessa lánsúmsókn Málningar hf. á stjórnarfundum hjá fyrirtækinu og málið aldrei rætt þar. Svo virðist sem fyrst og fremst hafi verið sótt um lánið að beiðni ákærða Kristins og Eggerts, föður hans, og þá vegna fjölskyldu- og ættartengsla ákærða Kristins við forsvarsmenn Málningar hf. Þessi skilningur fær stuðning í vitnaframburði.

Vitnið Stefán Guðjohnsen, sem annaðist framkvæmdahlið þessa máls, hefur borið, að öllum hafi verið ljóst frá upphafi, að sótt var um lánið vegna nýbyggingar ákærða.

Þá segir í lánsúmsókninni frá 24. febrúar 1986, þar sem sótt er um 6,5 milljóna króna lán, að tilgangur lánsúmsóknarinnar sé húsbygging.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til málavaxta, sem raktir hafa verið, þá er ekkert fram komið í málinu sem styður fullyrðingar í ákæru um að stjórn Málningar hf. hafi heimilað ákærða að nýta lánsrétt félagsins hjá Verslunarlánasjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf. Þvert á móti er sannað, að samið var um það munnlega, áður en sótt var

um lánið, og lánsúmsóknin ber það og með sér, að lánið var vegna nýbyggingar og átti lánsféð að renna þangað.

Ákærði seldi skuldabréfið á þeim tíma sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur borið, að meðákærði Jón Magnússon hafi þar hvergi komið nærri.

Þá hefur meðákærði Guðmundur borið efnislega eins um það og meðákærði Jón vísað því á bug að hafa komið nærri sölu skuldabréfsins.

Með vísan til þessa og málavaxta að öðru leyti er ekkert fram komið sem sannar að meðákærði Jón hafi haft þá milligöngu við sölu skuldabréfsins sem lýst er í þessum ákærulið. Ákærði Kristinn seldi því skuldabréfið án milligöngu meðákærða Jóns, en svo sem rakið var lýsti vitnið Jón Bjarni Gunnarsson þætti sínum í því að koma ákærða Kristni í samband við meðákærða Guðmund. Ákærði Jón kom lítillaga við sögu er útbúið var afsal en þá hafði sala skuldabréfsins í raun farið fram.

Ákærði Kristinn hefur haldið því fram, að hann hafi haft heimild til að ráðstafa skuldabréfinu eftir að hafa fengið það framselt sér. Ákærði Kristinn kvað Málningu hf. hafa ráðstafað andvirði skuldabréfsins til greiðslu á viðskiptareikningi Málningarvara er lánið var greitt út í desember 1986. Þá kvaðst ákærði hafa ýmsar athugasemdir fram að færa vegna þess uppgjors, m. a. varðandi vexti o. fl., og aldrei hafa samþykkt, að skuldajöfnun færi fram. Stefán Guðjohnsen hafi ráðstafað fénu á þennan hátt án samráðs við sig. Þá kvað ákærði Kristinn stefna í það að hann tapaði aleigunni vegna viðskiptanna við Málningu hf. og í raun telja það fyrirtæki skulda sér stórfé og ávinningur sinn því enginn.

Stefán Guðjohnsen hefur borið, að ekki hafi verið samið sérstaklega um það, að ráðstafa mætti fénu á þennan hátt, en hann greint ákærða frá þessu og talið, að ljóst væri að lánsfjárhæðin yrði notuð á þennan hátt eftir að Málningarvörur höfðu safnað upp viðskiptaskuld hjá Málningu hf. á árinu 1986.

Valdimar Bergstað kvað Málningu hf. hafa umborið ákærða Kristni að mynda viðskiptaskuld á árinu 1986, en Valdimar samdi ekki um uppgjör þeirrar skuldar en taldi víst að Stefán Guðjohnsen hefði gert það.

Vitnið Eggert Kristinsson hefur borið að hann hafi ekki vitað til þess, að samið hefði verið um það við ákærða Kristin, að ráðstafa mætti lánsfénu öðruvísi en afhenda honum féð. Þá bar Eggert, að samið hefði verið um það, að ákærði Kristinn mætti safna viðskiptaskuld á byggingartímanum og það hefði verið opið, hversu há skuldin mátti vera, en til að tryggja viðskiptaskuldina hafi Eggert gefið út 5 milljón króna víxil.

Tryggingarvíxill þessi þykir ásamt öðrum gögnum málsins sýna, að til

Þess var ætlast a.m.k. af hálfu Eggerts Kristinssonar, að ákærði Kristinn fengi lánsféð í hendur vegna nýbyggingarinnar. Ákærði hafði sjálfur lagt til fullnægjandi veð til að tryggja skuldabréfalánið a.m.k. að mati Verslunar-lánasjóðs og því ekki auðséð hver tilgangurinn með tryggingarvíglinum hafi verið og framburður Stefáns Guðjohnsen um það óljós.

Ákærði greiddi skuldabréfið upp, svo sem lýst er í ákæru, og losaði fasteignir sínar úr veðböndum. Svo sem rakið hefur verið, er margt óljóst um fjárhagslegt uppgjör ákærða Kristins og Málningarvara annars vegar og Málningar hf. hins vegar, en úr því verður ekki leyst í þessu máli svo sem rakið var.

Pá er ljóst af því sem rakið hefur verið, að ekki hefur verið staðið sem skyldi að samskiptum og samningum ákærða Kristins og Málningarvara annars vegar og Málningar hf. hins vegar. Virðist það einkum stafa af persónu- og ættartengslum þess fólks er var í forsvari fyrirtækjanna. Þessir samskiptaörðugleikar og dráttur og/eða vöntun á fjárhagsuppgjöri þessara aðila er að mati dómsins veikur grunnur til að byggja á ákæru eftir að annar málsaðilinn kærði til lögreglu. En hvorki með kærunum né síðar voru lögð fram skjöl eða önnur gögn sem eru til þess fallin að renna stoðum undir staðhæfingar í ákæruskjali um, að samskipti og athafnir ákærða Kristins, sem lýst er í ákæru, séu saknæmar.

Hins vegar virðist ljóst af því sem nú hefur verið rakið að um tvö mál er að ræða, annars vegar umdeilt uppgjör vegna viðskiptaskuldarinnar og hins vegar uppgjör vegna þess, að ákærði Kristinn fékk ekki lánsféð í hendur eins og honum hafði verið lofað og samið var um.

Athygli vekur, að lögmaður Málningar hf., sem lagði fram kærubréf þau sem hleyptu lögreglurannsókn máls þessa af stað, vissi ekki hver var bakgrunnur lánsumsóknar þeirrar, sem lýst hefur verið, og í hvaða tilgangi lánið var tekið og hann hafi ekki rætt við forsvarsmenn Málningar hf. um útgreiðslu lánsins og til hvers það átti að ganga nákvæmlega. Hann vissi ekki heldur á þeim tíma, er kært var, hvort Málning hf. eða ákærði Kristinn fékk lánsfjárhæðina í hendur. Í kærubréfi lögmannsins frá 4. desember 1992 segir hins vegar, að eftir útgáfu skuldabréfsins hafi ákærði Kristinn áritað bréfið og veðsett fasteign sína og síðan fengið lánsféð í hendur.

Grundvöllur opinberu rannsóknarinnar var þannig veikur og í raun ákærunnar einnig og hefur þetta að mati dómsins komið skýrar í ljós við dómsmeðferð málsins.

Dómurinn telur, að ekki hafi verið sýnt fram á það af hálfu ákæruvaldsins, að samið hafi verið um eitthvað annað við útgáfu skuldabréfsins heldur en það sem getið var um að framan og ákærði og vitni hafa borið, þ.e. að ákærði fengi féð í hendur er lánið yrði greitt út.

Ekki er í máli þessu lagður neinn mælikvarði á samninga og samkomulag sem ákærði Kristinn kann að hafa gert í tengslum við skuldabréf þetta við einstaka forsvarsmenn Málningar hf. nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að taka afstöðu til þeirra brota sem honum eru gefin að sök í ákæru.

Þá hefur ákæruvaldið ekki sannað þá fullyrðingu í ákæru, að ákærði hafi ráðstafað skuldabréfinu sjálfum sér til ávinnings og Málningu hf. til tjóns. Dómurinn telur að færslur í bókhaldi ákærða breyti engu að þessu leyti og séu ekki til þess fallnar í máli þessu að færa sönnur á fullyrðingar ákæruvaldsins um það að ákærði hafi verið skuldari frá upphafi. Má í þessu sambandi benda á framburð ákærða um athugasemd endurskoðanda og að öðru leyti deilur um meðferð peninganna. Þá bar ákærði, að hann hefði reynt að fá forsvarsmenn Málningar hf. að samningaborðinu árið 1987 og 1988 en án árangurs og því greitt skuldabréfið upp og losað fasteignir sínar úr veðböndum.

Dómurinn telur fyrst og fremst um það að ræða, að fjárhagslegt uppgjör ákærða Kristins persónulega og vegna Málningarvara annars vegar og Málningar hf. hins vegar hefur enn ekki farið fram. Í þessu ljósi verður að skoða samskipti ákærða Kristins og Málningar hf.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með vísan til málavaxta þykja engar sannanir fram komnar um það að ákærði Kristinn hafi með ráðstöfun skuldabréfsins gerst sekur um refsiverða háttsemi sem hann er hér ákærður fyrir og er hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

II.

Þar sem ákærði Kristinn er sýknaður af háttsemi í I. kafla ákæru er ákærði Guðmundur Albert einnig sýknaður af hlutdeildarbroti í umboðs- svikum meðákærða Kristins, en fyrri hluti þessa kafla ákæru lýtur að þessu.

Ákærða Guðmundi er jafnframt gefin að sök tilraun til fjársvika með því að krefja og síðan að höfða dómsmál á hendur Málningu hf. til innheimtu skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu auk vaxta og kostnaðar í því skyni að Málning hf., sem ákærði vissi eða mátti vita, að meðákærði Kristinn hafði ekki átt neina kröfu á samkvæmt skuldabréfinu, yrði dæmd til að greiða sér kröfurnar, eins og lýst er í þessum kafla ákæru.

Ákærði hefur borið að hann hafi enga vitneskju haft um samskipti meðákærða Kristins og Málningar hf. er hann festi kaup á skuldabréfinu. Ákærði hafi fyrst og fremst litið á greiðanda skuldabréfsins, Málningu hf. Aldrei hafi komið til tals að Málning hf. væri ekki hinn raunverulegi skuldari eins og skuldabréfið beri með sér.

Ekkert óvenjulegt hefur verið leitt í ljós við það er innheimtubréf var sent skuldaranum, Málningu hf., en í kjölfarið hafði lögmaður Málningar hf. fyrst símsamband og síðan með bréfaskriftum við meðákærða Jón. Eftir að opinber rannsókn hófst á þeim grunni, sem lýst var og framburður vitnisins Jóns Steinars Gunnlaugssonar ber með sér, ákvað ákærði Guðmundur að höfða dómsmál til innheimtu skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu. Strax í upphafi var ákveðið, að ekki yrði notfært það réttarfarshagræði sem 17. kafli laga um meðferð einkamála kveður á um varðandi takmarkanir varna í málum sem höfðuð eru með þeim hætti, en dómsmál ákærða Guðmundar á hendur Málningu hf. var höfðað á grundvelli 17. kafla laganna um meðferð einkamála.

Þetta fær og stoð í vitnisburði Jóns Steinars sem kvað ákærða Jón hafa greint sér frá því fljótlega eftir þingfestingu einkamálsins, að ekki væri meiningin að reka það mál þannig að lögmaður varnir kæmust ekki að. Ákærði Jón hefur borið efnislega eins. Skjöl málsins að öðru leyti styðja þetta, þ. á m. gögn úr framangreindu einkamáli.

Dómurinn telur ekkert fram komið í málinu sem gefi til kynna, að ákærði hafi vitað að meðákærði Kristinn hafi ekki átt kröfu á Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu.

Pá er heldur ekkert í málinu sem gefur tilefni til að álykta að ákærði hafi mátt vita að meðákærði Kristinn hafi ekki átt kröfu á Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu.

Ákærði Guðmundur hefur á hinn bóginn með málshöfðuninni og ákvörðun um að hleypa að öllum vörnum í einkamálinu gefið Málningu hf. tækifæri á því að koma að vörnum sem væntanlega varða samskipti Málningar hf. og ákærða Kristins og deilur þeirra varðandi skuldabréfið. Ákærði Guðmundur kom þar ekkert við sögu. Deilurnar eru í raun til komnar vegna þess hvernig staðið var að samskiptum og samningum ákærða Kristins og Málningar hf. svo sem rakið hefur verið. Þannig vildi ákærði Guðmundur, eins og hann greindi frá, koma í veg fyrir að skuldari yrði dæmdur til að greiða skuld sem ekki væri á rökum reist.

Með vísan til alls þessa og málavaxta að öðru leyti ber að sýkna ákærða Guðmund af öllum kröfum ákæruvaldsins.

III.

Allir ákærðu hafa borið, að ákærði Jón hafi engin afskipti haft af sölu skuldabréfsins.

Dómurinn telur ekkert það fram komið sem gefi til kynna að ákærði Jón hafi í opinberu sýslunarstarfi sínu sem hæstaréttarlögmaður haft milligöngu

um viðskiptin með skuldabréfið. Þá vissi ákærði Jón ekkert um söluverð skuldabréfsins.

Þetta fær stuðning í framburði allra ákærðu og vitna sem báru um meðferð skuldabréfsins á lögmannsstofu ákærða Jóns. Þá bar vitnið Jón Bjarni Gunnarsson að hafa bent ákærða Kristni á meðákærða Guðmund sem hugsanlegan kaupanda skuldabréfsins.

Þá er ákært fyrir að hafa reynt að innheimta hjá Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins þá fjárhæð, sem í ákæru greinir, þrátt fyrir að hann vissi eða mætti vita, eins og viðskiptum með skuldabréfið hafði verið háttað, að meðákærði Kristinn ætti ekki á grundvelli þess kröfu á hendur Málningu hf.

Ákærði Jón vissi ekki af því að skuldabréfið var til innheimtumeðferðar á lögmannsstofunni fyrr en eftir að innheimtubréfið hafði verið sent út. Ákærði Jón átti þar ekki hlut að máli. Jafnvel þótt svo hefði verið er ekkert saknæmt við það eins og mál þetta er í pottinn búið og lýst hefur verið. Vitnið Ástríður Sólrún Grímsdóttir hefur og borið að innheimtubréfið hafi verið sent út án þess að ákærði Jón hafi vitað af því.

Ákærði Jón vissi því ekkert um skuldabréfið og/eða hugsanlegan ágreining vegna þess, fyrr en lögmaður Málningar hf. hafði við hann samband eftir sendingu innheimtubréfsins.

Þá er ekkert í málinu sem gefur til kynna að ákærði Jón hafi á þessari stundu mátt vita um það hvernig viðskiptum með skuldabréfið var háttað, en svo sem lýst er hér að framan var ekkert saknæmt við þau viðskipti.

Loks hefur ákærði Jón borið að hann hafi aldrei vitað og viti ekki enn, að meðákærði Kristinn hafi ekki átt kröfu á Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu.

Dómurinn telur samkvæmt þessu engin þau sönnunargögn hafa verið færð fram sem bendi til þess, að ákærði Jón hafi vitað eða mátt vita að meðákærði Kristinn hafi ekki á grundvelli skuldabréfsins átt kröfu á Málningu hf.

Loks er ákærða Jóni gefið að sök að hafa fylgt innheimtutilrauninni eftir með málshöfðun eftir að hafa fengið upplýsingar um að meðákærði Kristinn en ekki Málning hf. væri sjálfur hinn raunverulegi skuldari frá upphafi, og þannig í lögmannsstarfi sínu veitt meðákærðu Kristni og Guðmundi Albert hvorum á sinn hátt, liðsinni sitt til að auðgast með fyrrgreindum hætti á kostnað Málningar hf.

Ákærði Jón hefur borið, að hann hafi fyrst vitað um ágreining varðandi skuldabréfið er lögmaður Málningar hf. hringdi og hafði uppi mótbáru vegna innheimtubréfsins sem starfsmaður lögmannsstofunnar sendi Máln-

ingu hf. Dómurinn skilur ákærana svo, þegar talað er um, að ákærði Jón hafi fengið upplýsingar um hver væri skuldari samkvæmt skuldabréfinu, að þá sé átt við upplýsingar sem ákærða Jóni bárust frá lögmanni Málningar hf. Upplýsingum úr annarri átt er ekki til að dreifa. Ákærði Jón aflaði sjálfur upplýsinga síðar hjá meðákærða Kristni um það sem lá að baki útgáfu skuldabréfsins.

Dómurinn telur að mótbáru lögmanns Málningar hf. hafi ekki getað verið þess eðlis, að ákærði Jón hafi á þeim forsendum vitað eða mátt vita, að meðákærði Kristinn væri hinn raunverulegi skuldari en ekki Málning hf. Þessi ályktun helgast fyrst og fremst af þeirri staðreynd, hvað lögmaður Málningar hf. a.m.k. á þessu stigi málsins vissi lítið um sjálfan bakgrunn útgáfu skuldabréfsins og að öðru leyti hvað hann fékk litlar upplýsingar frá forsvarsmönnum Málningar hf. og hann lýsti fyrir dóminum.

Ákærðu Jón og Guðmundur ákváðu í sameiningu að öllum vörnum skyldi hleypt að í einkamálinu og vísast til þess sem sagði í niðurstöðum varðandi II. kafla ákæru um þetta.

Dómurinn telur þannig, að ákærði Jón hafi, er málshöfðun var ákveðin að höfðu samráði við meðákærða Guðmund, ekki búið yfir vitneskju sem var til þess fallin að gera hann sekan um brot það sem í ákæru greinir.

Það, sem rakið hefur verið hér að framan, leiðir til þess, að sýkna ber ákærða Jón af öllum kröfum ákæruvaldsins. En eins og ákæru er háttað, þykir rétt að láta þess getið, sem rakið hefur verið hér að framan varðandi þennan kafla ákæru svo að huglæg afstaða ákærða Jóns komist að í máli þessu og á sama hátt og afstaða meðákærðu.

En þar sem ákærða Jóni er ýmist gefið að sök hlutdeildarbrot og hlutdeild í tilraunarbroti meðákærðu, sem hafa báðir verið sýknaðir, eins og rakið hefur verið, er ákærði Jón þegar af þeirri ástæðu sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Þessi niðurstaða leiðir til þess, að leggja ber allan sakarkostnað á ríkissjóð, þ.m.t. kr. 275.000 í réttargæslu- og málsvagnarlaun til Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Kristins, kr. 200.000 í málsvagnarlaun til Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Guðmundar Alberts, og kr. 200.000 í málsvagnarlaun til Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Jóns.

Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Kristinn Eggertsson, Guðmundur Albert Birgisson og Jón Magnússon, eru sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. kr. 275.000 í

réttargæslu- og málsvarnarlaun til Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Kristins, kr. 200.000 í málsvarnarlaun til Sigurðar G. Guðjónssonar, hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Guðmundar Alberts, og kr. 200.000 í málsvarnarlaun til Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Jóns.
